

4. Tæknileg þekking og tæknilegar hliðar flutnings:

- * þyngd og mál ökutækis
- * val ökutækis
- * gerðarviðurkenning og skráning
- * meginreglur um viðhald ökutækis
- * flutningur á hættulegum vörum
- * flutningur á matvælum
- * gildandi meginreglur um umhverfisvernd er varða notkun og viðhald ökutækja
- * hleðsla og afhleðsla ökutækis

5. Öryggi á vegum:

- * lög og stjórnslufyrirmæli er varða umferð
- * umferðaröryggi
- * forvarnir gegn slysum og viðbrögð við slysum

Auk töluliða 1-5 þurfa flutningsaðilar sem ætla sér að starfa að millilandaflutningum að kunna skil á:

- * ákvæðum um farþegaflutninga á landi milli aðildarríkja og milli bandalagsins og landa utan bandalagsríkja sem tilkomin eru vegna innlendra laga, staðla bandalagsins, alþjóðasamninga og alþjóðasamþykkt
- * venjur og formsatriði þegar farið er yfir landamæri
- * helstu umferðarreglugerðir í aðildarríkjunum

AUGLÝSING

um friðlýsingu æðarvarps og sellátra í Barðastrandarsýslu.

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, samanber reglugerð nr. 456/1994 um fuglaveiðar og nýtingu hlunninda af villtum fuglum, er hér með ákveðin friðlýsing alls æðarvarps innan marka Barðastrandarsýslu, umdæmis sýslumannsins á Patreksfirði.

Jafnframt er, samkvæmt 15. gr. tilskipunar um veiði á Íslandi frá 20. júní 1849, friðlýst sellögnum og sellátrum öllum í Barðastrandarsýslu.

Sýslumaðurinn á Patreksfirði, 5. maí 1995.

Þórólfur Halldórsson.